

Greinagerð um fuglalíf við Hvestu í Arnarfirði

Böðvar Þórisson
og
Þorleifur Eiríksson

Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga
Umsjón
Aðalsteinn Óskarsson

September 2007
NV nr. 10-07

ÚTDRÁTTUR

Fjórðungssamband Vestfjarða (Aðalsteinn Óskarsson) óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að kanna fuglalíf við Hvestu í Arnarfirði vegna hugsanlegrar staðsetningar olíuhreinsistöðvar. Beiðni um verkið kom um miðjan júlí þannig að of seint var að gera þéttleika mat á fuglum á svæðinu á þeim tíma og er því um greinagerð út frá aðstæðum og þekktum athugunum.

Rætt var við Jón Bjarnason, frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði í ágúst 2007, um fuglalíf á svæðinu.

Lagt var mat á hvaða fuglar gætu verið á staðnum út frá gróðurupplýsingum en gróðurfar var kannað á svæðinu síðast liðið sumar.

Fengnar voru upplýsingar um stöðu varpfugla á svæðinu frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Út frá upplýsingum frá Jóni Bjarnasyni Fremri-Hvestu og gróðurfari þá má búast við nokkuð fjölbreyttu fuglalífi. Búsvæðin benda til að auki verpur þarna lóupræll og hugsanlega væri hægt að staðfesta varp hjá rauðhöfða og nokkrum andartegundum við frekari könnun. Þær tegundir sem vitað er um að séu varpfuglar á svæðinu eru allt algengar tegundir.

Æðarvarp er við svokallaða Króka og voru um 130 hreiður þar 2007.

Eftirtaldar tegundir á svæðinu er á valista:

Þórshani hefur sést einu sinni á svæðinu en er ólíklegur sem varpfugl þar. Varpheimkynni hans á Vestfjörðum eru í Breiðafirði og er hann því líklega flækingur í Hvestudal.

Svarbakur verpir líklega í Bíldudalsfjalli en ekki er vitað hversu mörg pör.

Fálki hefur sést á svæðinu og með unga í Hringsdal. Ekki eru þekktir varpstaðir í Hvestudal svo vitað sé.

Straumönd verpir líklega í Hvestudal og/eða nágrenni. Ekki er vitað um þéttleika hjá henni né hvaða svæði hún notar fyrir fæðuöflun og varpstað.

Grágæs hefur fjölgað á svæðinu síðustu ár og heldur hún sig mest á túnun.

Varpfuglar á svæðinu eru allt algengar tegundir á Íslandi en ekki eru upplýsingar um þéttleika þeirra nema að litlu leyti eins og t.d. hjá æður og krú.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	4
NIÐURSTÖÐUR	4
Hvesta í Arnarfirði	5
Fuglar á válista	9
ÚMRÆÐUR	9
HEIMILDIR	10

INNGANGUR

Fjórðungssamband Vestfjarða (Aðalsteinn Óskarsson) óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að kanna fuglalíf við Hvestu í Arnarfirði vegna hugsanlegrar staðsetningar olíuhreinsistöðvar.

AÐFERÐIR

Beiðni um verkið kom um miðjan júlí þannig að of seint var að gera þéttleika mat á fuglum á svæðinu á þeim tíma og er því um greinagerð út frá aðstæðum og þekktum athugunum.

Náttúrustofan kannaði hvaða upplýsingar væru til um fuglalíf á svæðinu og hvað væri líklegt út frá aðstæðum.

Rætt var við Jón Bjarnason, frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði í ágúst 2007, um fuglalíf á svæðinu.

Fengnar voru upplýsingar um stöðu varpfugla á svæðinu frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Lagt var mat á hvaða fuglar gætu verið á staðnum út frá gróðurupplýsingum en gróðurfurfar var kannað á svæðinu síðast liðið sumar (Hafdís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason 2007).

NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt reitakerfi (10x10 km) Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er Hvestudalur í reit 2841 en reiturinn nær einnig yfir Hringsdal og Bíldudal. Reiturinn er illa kannaður og flestar upplýsingar eru um fugla við Bíldudal.

Í töflu 1 er sýnd staða fugla samkvæmt reitakerfinu í dag (Kristinn Haukur Skarphéðinsson bréfl. upplýsingar 2007) og samkvæmt upplýsingum Jóns Bjarnasonar frá Fremri-Hvestu í Hvestudal í Arnarfirði (Hv).

Skýringar: 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, 4/A: gamalt/óreglulegt varp, C:A+3, tegund gæti orpið, x: á leið um.

Tafla 1. Varpstig samkvæmt NÍ.

Tegund ísl	Tegund latína	NÍ	Hv
Lómur	<i>Gavia stellata</i>		x
Fýll	<i>Fulmarus gaeccialis</i>	1	3
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		x
Grágæs	<i>Anser anser</i>		1
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		3
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1	1
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>		3
Duggönd	<i>Aythya marila</i>		3

Æður	<i>Somateria mollissima</i>	1	1
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	3	1
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>		x
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		3
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>		3
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1	x
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>		1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1	1
Sandlóa	<i>Charadrus hiaticula</i>	1	1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		2
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	3	1
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>		3
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>		2
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	1	2
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	2	3
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	1
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	1	
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		3
Kría	<i>Steran paradisaea</i>	1	1
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		2
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>		1
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>		1
Steindepill	<i>Oeanthe oeanthe</i>	3	1
Skógarpröstur	<i>Turdus ilacus</i>		1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	1
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	3	x
Fjöldi varpfugla (1-3)		16	28
Fjöldi tegunda		16	33

Hvesta í Arnarfirði

Allar þær upplýsingar um fuglalíf hér fyrir neðan eru annað hvort komnar frá Jóni Bjarnasyni frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði eða ályktanir Náttúrustofu Vestfjarða um fuglalíf út frá búsvæðum á svæðinu.

Lómur *Gavia stellata*

Lómur sést sjaldan á svæðinu og verpir ekki.

Fýll *Fulmarus glacialis*

Fýll sést í Bíldudalsfjalli og er líklega varpfugl á svæðinu.

Gráhegri *Aredea cinera*

Gráhegri hefur sést síðustu þrjú haust í dalnum. Einn hegri sást í febrúar 2007 og fannst hann dauður nokkrum dögum seinna.

Gráhegrar eru algengir vetrargestir á Íslandi sérstaklega á suðvestur horni landsins. Á Vestfjörðum hefur verið tilkynnt um gráhegra í Tálknafirði, Dýrafirði, Öndarfirði, Skutulsfirði, Bolungarvík, Súðavík og Steingrímsfirði síðustu ár. Líklega sjást þeir á fleiri stöðum og oftar.

Álft *Cygnus cygnus*

Álftir sjást stöku sinnum en verpa nær örugglega ekki á svæðinu.

Grágæs *Anser anser*

Grágæs hefur fjölgað á svæðinu síðustu ár og er mest af henni á tünnum í Hvestudal. Hún er nokkuð algengur varpfugl í dalnum.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Stökkönd er algengur varpfugl á Íslandi og verpir nær örugglega á svæðinu.

Rauðhöfði *Anas penelope*

Jón taldi sig ekki hafa séð rauðhöfða á svæðinu en út frá búsvæði þá gætu verið fáein pör í dalnum.

Urtönd *Anas crecca*

Urtönd er á svæðinu og er líklegur varpfugl.

Skúfönd *Aythya fuligula*

Skúfönd hefur sést á svæðinu en ekki er vitað hvort hún verpir þar.

Duggönd *Aythya marila*

Duggönd hefur fjölgað á svæðinu síðustu ár en ekki vitað hvort hún verpir þó líklegt sé.

Æður *Somateria mollissima*

Æðarvarp er við svokallaða Króka og voru um 130 hreiður þar 2007. Það hefur verið æðarvarp þarna í ein 25 ár en með misjöfnum árangri. Svæðið er stórt og erfitt að verja það fyrir tófu, mink, hrafni og máfum.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*

Straumönd hefur sést með unga á svæðinu en ekki hefur enn tekist að finna hreiður hennar.

Hávella *Clangula hyemalis*

Hávella sést stöku sinnum fljúga inn dalinn en hún verpir líklega ekki í dalnum.

Toppönd *Mergus serrator*

Toppöndur sjást á svæðinu og eru líklegir varpfuglar.

Fálki *Falco rusticolus*

Fálki sést árlega í dalnum en verpir þar líklega ekki. Líklega eru þetta fuglar sem eru með varpstaði í nálægum dölum og í sumar sást þar með unga í Hringsdal.

Smyrill *Falco columbarius*

Smyrill sést árlega í dalnum og þá sérstaklega ungfuglar síðsumars. Jón hefur ekki rekist á hreiður hjá smyrlinum né séð varplega fugla yfir hásumarið. Hugsanlega eru ungfuglarnir að koma síðsumars úr nálægum dölum.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Tjaldur er varpfugl á svæðinu.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*

Sandlóa er varpfugl á svæðinu.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*

Heiðlóa sést og er nær örugglega varpfugl.

Lóuþræll *Calidris alpina*

Jón vissi ekki hvort lóuþræll væri varpfugl á svæðinu en miðað við búsvæði þá eru líkur á því.

Rauðbrystingur *Calidris canutus*

Rauðbrystingur er umferðarfugl sem kemur við á landinu á leið til Grænlands og Kanada. Stærsti hluti stofnsins hefur viðdvöl í Breiðafirði eða um 65% stofnsins (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993).

Í Arnarfirðinum sjást fuglar í flestum fjörðum eins og t.d. Reykjafirði og Borgafirði. Mest hefur sést af honum í Bíldudalsvoginum eða 1000 fuglar 15. maí 2004.

Rauðbrystingur sést af og til á vorin við Vaðalinn í Hvestudal en þetta eru litlir hópar og stoppa stutt.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Hrossagaukur er algengur varpfugl á Vestfjörðum og má búast við að hann sé algengur á svæðinu.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Sumarið 2003 sást eitt par í dalnum en í sumar voru a.m.k. 5-6 pör.

Jaðrökum er að fjölga á Vestfjörðum og nema ný svæði t.d. sást hann í fyrsta skipti í Bolungarvík 2003 og var staðfest varp hjá honum 2004 (Böðvar Þórisson eigin athuganir).

Spói *Numenius phaeopus*

Spóum virðist hafa fjölgað nokkuð síðustu ár á svæðinu að sögn Jóns.

Stelkur *Tringa totanus*

Stelkur verpir örugglega á svæðinu.

Þórshani *Phalaropus fulicarius*

Einn fugl hefur sést á svæðinu en ólíklegt er að hann sé í varpi þarna.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Óðinshani sést á tjörnunum á svæðinu.

Hettumáfur *Larus ridibundus*

Hettumáfur verpir innan kríubyggðarinnar í æðarvarpinu en einnig sást hann í sumar innar í dalnum.

Sílamáfur *Larus fuscus*

Sílamáfur sést stöku sinnum en er líklega ekki varpfugl á svæðinu.

Svarbakur *Larus marinus*

Svarbakur sést í Bíldudalsfjalli og gæti verið varpfugl þar.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus*

Hvítmáfur sést á svæðinu og gæti hann verið varpfugl í Bíldudalsfjalli.

Kría *Sterna paradisaea*

Um 100 varppör hafa verið í dalnum en síðustu þrjú ár hafa nánast engir ungar komist upp.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*

Það má búast við því að þúfutittlingur sé einn algengasti varpfuglinn á svæðinu.

Maríuerla *Motacilla alba*

Maríuerla verpir við byggð í dalnum.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*

Steindepill sést í dalnum og er örugglega varpfugl á svæðinu.

Skógarpröstur *Turdus iliacus*

Skógarpröstur er varpfugl á svæðinu.

Hrafn *Corvus corax*

Eitt par hefur haft hreiður í Bíldudalsfjalli í langan tíma.

Músarindill *Troglodytes troglodytes*

Músarindill verpir á svæðinu.

Fuglar á válista

Eftirtaldir fuglar á válista og hafa sést á svæðinu, eru:

Tegundir í hættu:

Þórshani, lítill stofn – hefur fækkað < 250 fuglar (Náttúrufræðistofnun 2000). Aðeins einn fugl hefur sést við Hvestu og ólíklegt er að um varpfugl sé að ræða.

Tegundir í yfirvofandi hættu:

Fálki, lítill stofn < 1000 fuglar (Náttúrufræðistofnun 2000). Fálkar hafa sést í dalnum og sáust fuglar síðsumars. Þessir fuglar koma líklega frá nálægum dölum.

Grágæs, hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum (Náttúrufræðistofnun 2000). Grágæsum hefur frekar fjölgað í Hvestu á síðustu árum.

Hrafn, hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum (Náttúrufræðistofnun 2000). Eitt par hefur varpstað í Bíldudalsfjalli.

Svarbakur, hefur fækkað mikið (Náttúrufræðistofnun 2000). Svarbakur verpir líklega í Bíldudalsfjalli.

Tegundir í nokkurri hættu:

Straumönd, háð vernd, Ísland er eina varpland straumandar í Evrópu (Náttúrufræðistofnun 2000). Straumönd verpir líklega á svæðinu og hafa sést fuglar með unga.

UMRÆÐUR

Út frá upplýsingum frá Jóni Bjarnasyni Fremri-Hvestu og gróðurfari þá má búast við nokkuð fjölbreyttu fuglalífi. Þær tegundir sem verpa á svæðinu eru allt algengar tegundir á Vestfjörðum.

Mest er af æður, kríu og grágæs á svæðinu en þéttleiki er þó ekki mikill. Kríuvarpið hefur gengið illa síðustu ár og æðvarvarpið er um 130 hreiður.

Upplýsingar Jóns Bjarnasonar um fuglalíf á svæðinu kemur heim saman við hvað má vænta út frá gróðurfari svæðisins (Hafdís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason 2007). Búsvæðin benda til að auki verpur þarna lóupræll og hugsanlega væri hægt að staðfesta varp hjá rauðhöfða og nokkrum andartegundum við frekari könnun.

Nokkrar tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun 2000) hafa sést á svæðinu:

Þórshani hefur sést einu sinni en er ólíklegur sem varpfugl á svæðinu. Varpheimkynni hans á Vestfjörðum eru í Breiðafirði og er því líklega flækingur í Hvestudal.

Svarbakur verpir líklega í Bíldudalsfjalli en ekki er vitað hversu mörg pör.

Fálki verpir ekki á svæðinu svo vitað sé en líklega er varpstaður í nálægum dölum.

Straumönd verpir líklega í Hvestudal og/eða nágrenni. Ekki er vitað um þéttleika hjá henni né hvaða svæði hún notar fyrir fæðuöflun og varpstað.

Varpfuglategundir á svæðinu eru allt algengar tegundir á Íslandi. Litlar upplýsingar eru þó um þéttleika á flestum tegundunum.

HEIMILDIR

Guðmundur A. Guðmundsson og Arþór Garðarsson. 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. *Echography* 16: 82-93.

Hafdís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason. 2007. Gróðurfar á Söndum og Hólum í Dýrafirði og Hvestu í Arnarfirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 12-07.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.